



Fundargerð stjórnar SSA
Fundarstaður Aldan Seyðisfirði
Mánudag 26. Júní kl. 13.00

Mættir eru : Ólafur Ármannsson ,Guðmundur Ólafsson. ,Ólafur Hr. Sigurðsson, Iris Valsdóttir , Valdimar O.Hermannsson, Páll Baldursson og Andrés Skúlason(varam).

Efni á dagskrá. **Umsóknir og ráðning framkvæmdastjóra SSA .**

1. Fundargerð framkvæmdaráðs 20. júlí 2011.

Varaformaður (G.Ó) kynnti aðdraganda þess að hann tók við af formanni SSA, sem er einn umsækjenda um starfið.Hann fór yfir fundargerðina og vinnutilhögun við móttöku umsókna . Fundargerð framkvæmdaráðs SSA síðan staðfest
Hann upplýsti að Helga M.Steinsson hafi dregið umsókn sína til baka 22. júlí sl.

2. Umsóknir um starf framkvæmdastjóra SSA .

Alls bárust 10 umsóknir :

Arnbjörg Sveinsdóttir, fv. alþingismaður, Seyðisfirði

Björn Ármann Ólafsson, skógarbóndi og fv. bæjarfulltrúi, Egilsstöðum

Björn Hafþór Guðmundsson, fv. sveitarstjóri, Djúpavogi

Grétar Mar Jónsson, skipstjóri og fv. alþingismaður, Sandgerði

Halldór Trausti Svavarsson, verslunarmaður, Reykjavík

Helga Magnea Steinsson, fv. skólameistari, Fjarðabyggð (umsókn dregin til baka 22. Júlí sl.)

Magnús Már Þorvaldsson, fulltrúi hjá Vopnafjarðarhreppi, Vopnafirði

Ólafur Áki Ragnarsson, fv. bæjarstjóri,Sveitarfélaginu Ölfusi

Óskar Baldursson, viðskiptafræðingur, Garðabæ

Sveinn Pálsson, fv. sveitarstjóri, Vík. (S.P. upplýsti að hann væri í viðræðum við aðra)

GÓ og VOH fóru yfir nöfn umsækjenda, en stjórnarmenn höfðu fengið upplýsingar sendar 20. Júlí sl. Upplýsingar aðrar sem fylgdu umsóknum láu frammi á fundinum.

Eftir ítarlegar umræður þar sem allir stjórnarmenn tjáðu sig var það **einróma samþykkt stjórnar SSA að fela framkvæmdaráði SSA (GÓ og VOH) að ganga til samninga við Björn Hafþór Guðmundsson.**

Samningur og starfslýsing um starf framkvæmdastjóra SSA verði síðan lagðir fyrir stjórn SSA til staðfestingar.

Framkvæmdastjóra SSA falið að þakka umsækjendum fyrir áhuga sem þeir sýndu starfinu með umsóknum og tilkynna þeim bréflega um niðurstöðu stjórnar SSA.

Fleira ekki á dagskrá og fundi slitið : 14.30.

Sign : Þorvaldur Jóhannsson